

Nr. 34  
22. nóv.

# Lög

um

## skemtanaskatt.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Með reglugerð, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og dómsmálaráðherra staðfestir, skal heimilt að leggja skatt á skemtanið fyrir almenning, sem aðganga er seld að. Undantekningar frá skattgreiðslu veitir bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er sjerstakar ástæður mæla með því, t. d. fyrir skemtanið, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

### 2. gr.

Skattur sá, er í 1. gr. getur, má vera mishár, eftir því hver skemtunin er, en aldrei má hann hærrí vera en 20% af aðgöngueyri á skemtun hverja. Skatturinn rennur í bæjar- eða sveitarsjóð, og skal ákveðið í reglugerð þeirri, er um getur í 1. gr., hvernig skattinum skuli varið.

### 3. gr.

Í reglugerðum þeim, sem í 1. gr. segir, skal kveðið á um tilhögun skattsins, innheimtu og annað, sem þar að lýtur.

### 4. gr.

Brot gegn reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum

varða sektum, allt að 1000 krónum, og skal fara með mál, sem rísa út af þeim, Nr. 34.  
sem opinber lögreglumál. 22. nóv.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalluborg 22. nóvember 1918.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*